

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, frístundabyggð að Hallkelshólum.

Deiliskipulagsbreytingin tekur til frístundasvæðis F55 að Hallkelshólum. Í breytingunni felst að skilgreindir eru skipulagsskilmálar innan svæðisins. Skipulagssvæðið er þegar byggt að miklu leyti. Innan breytingar er sérstaklega tekið til skilmála er varðar byggingarmagn innan lóðar, mænishæð húsa, mæliblöð, veitur, sorpmál og brunavarnir. Samþykkt í sveitarstjórn 4. október 2023.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 4. desember 2023.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.

B-deild – Útgáfudagur: 18. desember 2023